

Fundargerð bogfiminefndarfundar 27.06.17

Bogfiminefnd ÍSÍ

10. Fundur haldinn í Bogfimisetrinu, Dugguvogi 27.06.2017 kl. 21:15

Fundinn sátu: Guðmundur Örn Guðjónsson, Haraldur Gústafsson, Indriði R. Grétarsson, Margrét Einarsdóttir og Ólafur Gíslason

Fundargerð ritaði: Ólafur Gíslason

Haraldur og Indriði tengdust í gegnum fjarfundarbúnað (Skype) á fundinum.

Nefndin ákveður að halda mánaðarlega fundi fyrsta þriðjudag hvers mánaðar kl.21:00

1. Skráningar í félagakerfi ÍSÍ

Bogfimiðkendur Skotúþróttafélags Ísafjarðar eru ekki skráðir í félagsakerfi ÍSÍ (Felix). Indriði mun hafa samband við þá til að fá iðkenda-tölur skráðar inn í Felix.

2. Keppnisföt

Lagt til að tveir keppnisbolir á ári séu útvegaðir fyrir keppnisfólk sem stefnir á erlend mót. Nefndin samþykkti tillöguna.

Guðmundur bendir á að þurfi að breyta keppnisbolum, þ.e. setja íslenska fánann þar sem ÍSÍ merkið er á bolunum.

3. Skírteini vegna íslandsmeta

Tillaga um að gefa út skírteini fyrir íslandsmet. Drög að skírteini (template) er komið inn á Dropbox svæði nefndarinnar og er byggt á World Archery Heimsmeta-skjali.

Tillagan er samþykkt einróma

4. Önnur mál

1. Margrét tekur að sér að útbúa stimpil fyrir nefndina.

2. Vinnu við afreksstyrki er slegið á frest í ljósi samþykktar frá síðasta ársþingi ÍSÍ þar sem nefndum er ekki lengur heimilt að sækja um styrki í afrekssjóð ÍSÍ.

3. Þjálfarabolir: Indriði leggur til að útbúa þjálfaraboli. Guðmundur verður í sambandi við hann með það.

4. Íslandsmót Utanhúss 2017: Staðsetningin er staðfest. Hamranesvöllur er varavöllur ef Leirdalur bregst.

Fundi slitið kl. 22:10

11. Fundur Bogfiminefndar ÍSÍ verður haldinn þann 04.07.17 kl. : 21:00